

# Minnisblað

Til: Bæjarráð  
Frá: Guðmundur M. Kristjánsson, hafnarstjóri  
Dags. 12. júlí 2017  
Mnr. 2017070024



ÍSAFJARÐARBÆR

---

## Minnisblað - Sig á hafnarkanti á Flateyri, framkvæmd

Á 192. fundi hafnarstjórnar var tekið fyrir eftirfarandi mál:

### „4. 2017070024 - Sig á hafnarkanti á Flateyri

Lagt fram minnisblað Sigurðar Áss Grétarssonar og Bjarka Ómarssonar frá Vegagerð ríkisins varðandi sig á hafnarkanti á Flateyri.

*Hafnarstjórn telur að Vegagerð Ríkisins eigi að bera kostnað af umræddri framkvæmd, þar sem sig má rekja til hönnunargalla framkvæmdar, með vísan í minnisblað Sigurðar Áss Grétarssonar dags.05.07.2017."*

Hér að neðan er greinargerð vegna málsins og ósk um viðauka:

**Höfn FL**

**8.000.000,00**

Í mörg ár hefur hafnarstjórn Ísafjarðarbæjar haf miklar áhyggju á sigi Hafskipakants á Flateyri og barist fyrir því að Siglingastofnun og síðar Hafnamálasvið Vegagerðarinnar myndu gera áætlum um hvernig mætti koma í veg fyrir að mannvirkið hyrfi endanlega í sjó. Nú er loks komin skýrsla út um málið unnin af Sigurði Áss Grétarssyni forstöðumanni hafnamálasviðs Vegagerðar Ríkisins þar sem gerð er tillaga á að fergja efni framan við bryggjuna sjálfa og þjappa því með sérstakri aðferð. Sigurður leggur til að byrjað verði á þessu verki strax í haust. Einnig gerir Sigurður ráð fyrir að verkið verði fjármagnað að 75% af ríkinu.